

Stjórnarfundur FEB nr. 441

Þriðjudaginn 04.02.20. kl. 9:30

Fundarmenn: Ellert B. Schram, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Kári Jónasson, Þorbjörn Guðmundsson, Sjöfn Ingólfssdóttir, Róbert Bender, Dýrleif Guðjónsdóttir og Jóhanna Ragnarsdóttir.

Fjarverandi: Ólafur Örn Ingólfsson, Finnur Birgisson og Guðrún Árnadóttir

Ritari: Dýrleif Guðjónsdóttir í fjarveru ritara stjórnar

Dagskrá:

1. Ferðamál
2. Samantekt frá Deloitte
3. Starfslok fv. framkvæmdastjóra
4. Ráðning nýs framkvæmdastjóra
5. Önnur mál

1. Ferðamál

Drög að ferðaáætlun 2020 lögð fyrir stjórn. Í fyrra var farið í átta ferðir og voru það u.þ.b. 400 manns sem tóku þátt í þeim ferðum. Í ár er áætlað að fara í svipað margar ferðir en Kári hefur ekki tækifæri til að vera fararstjóri í jafnmörgum ferðum í ár. Þrátt fyrir það er búið er að ganga frá fararstjórn í flestar ferðir ársins 2020. Fundarmenn sammála um að stefna að a.m.k. tveimur utanlandsferðum í haust. Nokkrir aðilar hafa lýst áhuga sínum að vinna með okkur og verður haft samband við viðkomandi til að kanna landslagið.

Ferðaskrifstofuleyfið

Samkvæmt Ferðamálastofu gefa þau sér allt að tveimur mánuðum til að vinna umsóknina um ferðaskrifstofuleyfið. Skrifstofustjóri FEB upplýsti að félagið mætti auglýsa ferðir og vinna í þeim þrátt fyrir að leyfið sé ekki komið í hús, svo lengi sem umsóknarferlið er í vinnslu. Stjórn FEB hefur fengið ábendingu varðandi vænt ferðaskrifstofuleyfi, það geti verið mjög kostnaðarsamt og því fylgi kvaðir og ábyrgð. Í ábendingunni er nefnt að til séu aðrar leiðir fyrir félagið þó þær lausnir séu ekki nefndar sérstaklega. Fundurinn ákvað að óska eftir fundi með Ferðamálastofu þar sem farið yrði yfir hvað fælist í fyrrgreindu leyfi. Ákveðið var að fulltrúar stjórnar í ferðanefnd, framkvæmdarstjóri og skrifstofustjóri tækju þennan fund f.h. FEB. Stefnt verði að því að halda hann allra næstu daga og stjórnin yrði upplýst um niðurstöður hans á næsta stjórnarfundum eftir viku.

2. Samantekt frá Deloitte

Fyrir fundinn lágu úttektir Deloitte (uppfærðar þann 31.01.20.):

- a) Vegna byggingar Árskóga 1-3 (fyrir aðalfund)
- b) Á kostnaði vegna byggingar Árskóga 1-3

Fundarmönnum fannst úrdrátturinn sem ætlaður er aðalfundinum orðinn of innihaldslítill og óskuðu eftir að framkvæmdastjóri tæki að sér að koma þeim athugasemdum áleiðis til Deloitte með það að markmiði að klára skýrslurnar í eitt skipti fyrir öll þannig að allir væru sáttir.

3. Starfslok fv. Framkvæmdastjóra

Sigríður fór yfir hvernig staðið var að skriflegum starfslokasamningi við fv. framkvæmdastjóra. Starfslokin voru afgreidd með sátt beggja aðila þ.e. FEB og fv. framkvæmdastjóra og fundurinn samþykkti að greiða samningin út strax við fyrsta tækifæri.

4. Ráðning nýs framkvæmdastjóra

Sigríður gerði grein fyrir ráðningasamning við núverandi framkvæmdastjóra, voru fundarmenn sáttir og buðu nýjan framkvæmdastjóra velkomin. Bent var á að setja þyrfti frétt á FB og heimasíðu félagsins varðandi þetta.

5. Önnur mál

- a) Ósk frá húsfélagi Árskóga 1-3 að fulltrúar stjórnar FEB sitji aðalfund félagsins þann 19. feb. Fulltrúar FEB höfðu áður hitt fulltrúa húsfélagsins á fundi hjá FEB í jan. 2020 þar sem þessi ósk var borin upp. Ákveðið var að Þorbjörn og framkvæmdastjóri sætu húsfélagsfundinn, því talið var að þannig yrði létt á aðalfundinum. Fulltrúar FEB óskuðu eftir skriflegum spurningum fyrir fundinn og hafa þær spurningar nú borist. Verður þeim svarað á húsfélagsfundinum á grundvelli þeirra niðurstaðna sem Deloitte lagði fram í skýrslu er varðar úttekt á byggingu á Árskógum 1-3.
- b) Sameiginleg yfirlýsing fv byggingarnefndar og stjórnar, eða ekki.
Fundurinn ákvað að ekki yrði gerð sérstök yfirlýsing og vísar í stað í úttekt Deloitte fyrir aðalfund.
Fundarmenn telja ekki þörf á fleiri fundum með fv. byggingarnefnd fyrir aðalfund og mun stjórn senda þeim erindi þess efnis og fá staðfestingu þeirra á því.
- c) Samþykkt að veita Sverri Hermanni Pálmarssyni fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita öll skjöl vegna Árskóga 1-3. Var umboðið undirritað á stjórnafundinum.
- d) Erindi frá fv. formanni byggingarnefndar
Stjórn félagsins hefur borist skriflegt erindi frá fv. formanni byggingarnefndar er varðar uppgjör við hann og konu hans á kaupum á íbúð í Árskógum 1-3. Einnig óskar hann eftir að erindi verði fært til bókar í fundargerð.
Fundurinn ákvað að fela lögfræðingi og framkvæmdastjóra að stilla upp svari.
- e) Varaformaður upplýsti að bréfi Stefáns fv stjórnarmanns í byggingarnefnd, dagssettu 25. jan s.l. hafi verið svarað 30.01.20. og telst það lokasvar.
- f) Fjárhagsbókhald og Deloitte.
Framkvæmdastjóri upplýsti að Deloitte væri enn að færa bókhald félagsins og Árskóga fyrir árið 2019 og engar tölur væru því orðnar opinberar. Tölur eiga að skýrast upp úr miðjum mánuðinum
- g) Undirbúningur aðalfundar
Ákveðið var að Kári og starfsmenn skrifstofu FEB kæmu að gerð skýrslu stjórnar, ásamt formanni.
Fundurinn ákvað að Þorbjörn færi í kjörstjórn og Jóhanna og Dýrleif yrðu honum innan handar.
- h) Útgáfa á félagatíðindum og afsláttarbók
Komin er heildarsýn á verkefni og er vinna hafin að fullu

Fundi lauk kl. 11:40

Emt B Saman
Sigr. Suelbj
Þorbjörn
Stofn Stjórnar
Dýrleif
Guðmúndur Deloitte